

# Fundur í fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

28. nóvember 2018 kl. 20:30. Haldinn á Kirkjubæjarstofu.

Mætt voru: Hörður Eyþórsson, Davíð Andri Agnarsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð.

## Uppgjör fjallskila 2018

Formaður fór yfir uppgjör fjallskila 2018 og reiknar með að skila lokauppgjöri í vikunni til sveitarstjóra.

## Smalamennskur haustsins

Rætt um smalamennskur haustsins. Enn er vitað af fé og rætt var um mikilvægi þess að farið verði sem fyrst í ná því. Formanni falið að ræða við fjallkónga svæðanna.

## Landbótaáburður

Landgræðslan hefur greitt fyrir landbótaáburð vegna síðast liðins sumars.

## Fjárhagsáætlun 2019

Rætt um helstu mál í sambandi við fjárhagsáætlun Landbrots- og Miðafréttar. Má þar nefna:

- Viðhald og/eða endurnýjun afréttargirðinga.
- Viðhald lögréttarinnar í Ytri-Dalbæ. Endurnýjun milligirðinga, háþrýstiþvott á veggjum og málun þeirra. Stefna að því að fá tilboð í efni í vetur og fara strax í júní í viðhaldsvinnu.
- Rætt um nauðsyn þess að endurnýja kofann í Leiðólfsselli og hvaða leiðir eru færar í því.

## Önnur mál

Rætt um að stefna að almennum fundi um fjallskilamál eftir áramót. Þar þyrfti að kynna nýja fjallskilasamþykkt (ef búið verður að samþykka hana), viðhald lögréttarinnar, viðhald afréttagirðinga, smalamennskur og fleira.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:00.

  
\_\_\_\_\_  
Fanney Ólöf Lárusdóttir